



Fundargerð nr. 37

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Mánudagur 3. nóvember 2025
Fundartími: 8:00-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti
Börkur Brynjarsson ráðgjafi í fjarfundi undir lið 1
Pálmi Þormóðsson verkefnastjóri verklegra framkvæmda undir lið 2
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið 3

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Verkefni og staða á verkefnum hjá Berki Brynjarssyni:

a) Fjárfestingar í vatnsveitu:

Lagt fyrir minnisblað frá Berki Brynjarssyni vegna áætlunargerðar fyrir framkvæmdir í vatnsveitunni fyrir árið 2026 og næstu ár þar á eftir. Sveitarstjóri og Börkur uppfæra minnisblað út frá umræðum á fundinum. Minnisblað verði svo lagt fyrir sveitarstjórn vegna fjárhagsáætlunar 2026-2029.

b) Yfirlit um stöðu verkefna

Áfram lögð áhersla á að klára verkefni í kringum Neistastaði.

Börkur er að klára handbókina eftir athugasemdir frá HSL og mun svo senda hana aftur til þeirra. Komin drög að kerfismynd og lýsingu vegna kerfismyndarinnar sem verður hluti af handbókinni. Kerfismyndin þarf svo að vera í stöðugri uppfærslu.

Tenging frá Skeiðavegi og að Huldu- og Maríuhólum er að klárast. Komið vatn á hverfið.

Samtal veituaðila er í gangi vegna Þjósár- og Fossabrautar. Þarf verktaka sem getur unnið verkið. Framkvæmdaaðili greiðir raunkostnað við framkvæmdir innan svæðisins vegna vatnsveitu Flóahrepps.

Búið að reikna út tengingar vegna Grímsskjóls og er reiknað með að verktaki fari í það verkefni fyrir veturinn eða í samráði við umsóknaraðila.

2. Verkefni og staða á verkefnum hjá Pálma Þormóðssyni:

- a) Brandshús – Búið að greina og laga það sem þurfti. Nýrri rotþró var komið fyrir og var hún færð aðeins upp í landið. Lagnir frá húsi að rotþró endurnýjaðar.



- b) Þingborg – Framkvæmdir hafa aðeins dregist frá upphaflegu tímaáætluninni. Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að fengið verði verð í endurnýjun á íþróttalýsingu í öllum salnum og að stefnt verði úskipti á gömlum flúorperum fyrir led lýsingu í öllum salnum í þessum framkvæmdum. Erfitt orðið að endurnýja flúorljósín og mikilvægt að reyna að fá góða og jafna lýsingu í öllum salnum.

Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að fengið verði verðtilboð frá málara í að mála allt loftið í einu og stefnt verði að því að klára þá framkvæmd ef verðin eru sanngjörn. Pálma falið að leita tilboða.

Nefndin mælist til þess að gerður verði skápur utanum rafmagnstöfluna og hún þannig lokuð af. Ekki verði settur upp fastur stigi til að komast á milli sals og skrifstofurými heldur sé sú leið gerð aðgengileg þegar á þarf að halda. Um er að ræða sitthvort brunahólfíð í húsinu og því ekki um neyðarútgang að ræða. Ekki gert ráð fyrir lokaðri vinnuáðstöðu fyrir íþróttakennara heldur fái gólfrýmið að nýtast allt fyrir kennslu og geymslu áhalda.

Lögð áhersla á að steypa platan fái að þorna alveg áður en nýr dúkur verður settur á. Ef ljóst er að bíða þarf langt framyfir áramót með að setja dúk að þá verði platan rykbundin og mögulega flotuð þannig að hægt sé að byrja að nota húsið með núverandi dúk á stærstum hluta salarins.

- c) Dæluhús við Uppsali

Börkur og Pálmi munu taka stöðuna á lokafrágangi á húsinu þannig að sem mest af vinnunni við að koma upp búnaði og öðrum frágangi klárast á árinu 2025.

3. Viðhaldsáætlun vegna fasteigna sveitarfélagsins.

- a) Skrifleg greinargerð yfir þau verkefni sem unnin hafa verið í og í kringum fasteignir sveitarfélagsins á árinu lögð fram til kynningar.
- b) Farið yfir drög að framkvæmda- og viðhaldsáætlun 2026 frá umsjónarmanni fasteigna.

Nefndin mælist til þess að umsjónarmaður fasteigna geri grófa kostnaðaráætlun vegna endurbóta að utan í Þjósárveri og mælist til þess við sveitarstjórn að þeim framkvæmdum verði forgangsraðað framarlega í viðhaldsframkvæmdum, helst á árinu 2026. Um er að ræða endurnýjun á þaki og þakköntum og að klæða húsið að utan með slitsterkri klæðningu. Samhliða verði hönnuð og teiknuð vörumóttaka og bætt aðstaða við eldhúsið sem gert væri ráð fyrir að klára í síðasta lagi á árinu 2027.

Nefndin mælist til þess að á árinu 2026 geri umsjónarmaður fasteigna kostnaðaráætlun á endurnýjun á þaki í Þingborg og hönnun á loftræstisamstæðu og að stefnt verði að því að fara í þær framkvæmdir á árinu 2027.

Framkvæmda- og veitunefnd hvetur sveitarstjórn til að taka ákvörðun um framtíðarnotkun á Félagslundi enda sé erfitt að gera viðhalds- og framkvæmdaáætlun fyrir húsið nema framtíðarnotkun sé ljós.



Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að öllum flúorljósum í stofnunum sveitarfélagsins verði kerfisbundið skipt út fyrir led ljós. Gert verði ráð fyrir því að skipta út ljósum í Krakkaborg og Flóaskóla í áföngum á næstu tveimur árum.

Gera þarf ráð fyrir viðhaldi á vatnsveitumannvirkjum svo sem dæluskúrum og girðingum í kringum vatnsveitumannvirki.

4. Önnur mál

Sveitarstjóri mun senda hugmyndir um áhaldahús á nefndarmenn til skoðunar.

Á næsta fundi liggi fyrir tilboð í innmælingar á nýjum lögnum frá tveimur aðilum.

Á næsta fundi liggi fyrir yfirlit yfir tölur úr rekstrarhluta vatnsveitunnar.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 1. desember kl. 8:00 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra